

Breytt lög um líffæragjafir taka gildi áramótin 2018 - 2019

- Við verðum öll sjálfkrafa líffæragjafir frá og með nýársdegi 2019 í samræmi við ný lög sem taka þá gildi. Þeir sem kunna að vera andvígir því að gefa líffæri skrái það á Heilsuveru undir Mínar síður eða á vef Embættis landlæknis.
- Þeir sem ekki nota tölvur og stunda tölvusamskipti geta leitað aðstoðar heimilislækna sinna eða hjúkrunarfræðinga heilsugæslunnar til að skrá afstöðu sína frá og með 1. janúar 2019.
- Með því að gefa líffæri getum við bjargað lífi annarra. Í öðrum tilvikum getum við lengt ævi fólks og bætt heilsu þess og líðan með líffæragjöf.
- Alls hafa um hundrað manns á Íslandi gefið líffæri frá upphafi og því hafa vel yfir 350 manns notið góðs af þessum gjöfum lífsins því líffæri eins gjafa geta komið allt að sex manns til góða.

Origo Heilbrigðislausnir eru að ljúka við að útbúa dýnamískt eyðublað (nr. 5400), sem krefst útgáfu 2017.3 af Sögu, sem leyfir skráningu á afstöðu einstaklings til líffæragjafar, hvort einstaklingurinn heimili líffæragjöf ásamt undanskildum líffærum. **Þegar blaðið er staðfest er það sent sjálfkrafa til Embættis landlæknis. Einungis heilsugæslustöðvar, opinberar og einkareknar, eiga að nota þetta blað. Undirritaðir starfsmenn geta verið lækningar og hjúkrunarfræðingar.**

Afstaða til líffæragjafar [Óvistað]
 Vista

Einstaklingur

Nafn	Kennitala
Jóna Jónsdóttir	010170-5599

Afstaða

Einstaklingur heimilar ekki notkun líffæra til ígræðslu við andlát sitt

Einstaklingur heimilar að nota líffæri sín til ígræðslu, en heimildin nær þó ekki til eftirfarandi líffæra

Einstaklingur afturkallar fyrri takmarkir á líffæragjöf

Einstaklingur heimilar Embætti landlæknis að vista þessar upplýsingar í miðlægum gagnagrunni. Einnig heimilar hann embættinu að miðla þessum upplýsingum til þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem hlut eiga að máli.


Undirskrift

Dagsetning


Undirritað af:
Kristín Steingrimsdóttir (9997), læknir
Saga_skema - TMS

Útfyllt af:
Kristín Steingrimsdóttir (9997), læknir
Saga_skema - TMS

Þegar notandi hefur vistað eyðublaðið og velur svo að „Staðfesta“ þá birtist eftirfarandi gluggi:



Ef notendur vilja prenta út blaðið og afhenda skjólstæðingi þá þarf að staðfesta blaðið. Þegar blaðið hefur verið staðfest þá virkjust „Prenta hnappurinn“.



Ef þið hafið einhverjar spurningar um þetta þá sendið okkur póst á thjonusta@origo.is.

Origo - Heilbrigðislausnir